

LANDSBANKI ÍSLANDS

SEÐLABANKINN



REIKNINGAR

1959

ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA H.F.

Um reikninga bankans

Aðalupphæð efnahagsreiknings Seðlabankans hækkaði á árinu 1959 um 232,9 millj. kr. og nam í árslok 1.547,7 millj. kr. Þessi mikla hækkun er vegna aukinna endurkaupa á afurðavíxlum, hærri skulda ríkissjóðs og hækkunar á bókfærðu verði gullforðans, en verðmæti gulleignarinnar er nú bókfært á raunverulegu verði miðað við markaðsverð á gulli og gengi íslenzkrar krónu. Er hækkunin færð á sérstakan lið á efnahagsreikningi bankans, er kallast yfirverð á gullforða og er að upphæð 10,8 millj. kr. Allmikil lækkun varð á árinu á inneign hjá erlendum bönkum og erlendum víxlum og tékkum á erlenda banka. Verður nú gerð grein fyrir helztu breytingum á reikningsliðum bankans á árinu.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjaldeyrisliði á reikningum bankans í árslok 1957, 1958 og 1959 í millj. kr.

	1957	1958	1959
Erlendar eignir	148,5	206,4	211,9
Ónotað lánsfé	90,9	34,8	1,2
Gjaldeyriseign samtals	239,4	241,2	213,1
Erlendar skuldir	171,4	168,4	290,6
E.P.U.-skuld	86,9	113,1	110,7
Gjaldeyris-skuld samtals	258,3	281,5	401,3
Nettógjalddeyriseign	÷ 18,9	÷ 40,3	÷ 188,2
Árshreyfingar	÷ 30,3	÷ 21,4	÷ 147,9

Samkvæmt ofanskráðu yfirliti hefur gjaldeyrisstaða bankans versnað um 148 millj. kr. á árinu 1959, og er það langtum meira en gjaldeyrisstaðan hefur nokkru sinni áður versnað um á einu ári. Er gjaldeyris-

1. tafla. Gjaldeyrisstaða Seðlabankans í árslok 1957 og 1958 og í hver mánaðarlok 1959.

Í þús. kr.	Inneign í erl. bönkum verðbr. o. fl.	Skuldir til skamms tíma	Ónotað er- lent lánsfé	Skuldir til langs tíma		Gjaldeyris- liðir nettó
				Við E.P.U.	Aðrar	
1957	148.524	171.398	90.900	86.949		÷ 18.923
1958	206.367	143.452	34.835	113.055	25.000	÷ 40.305
1959:						
Janúar	203.508	147.651	22.834	117.094	25.000	÷ 63.40
Febrúar	205.194	132.438	22.834	117.094	25.000	÷ 46.504
Marz	223.150	168.387	22.834	117.263	25.000	÷ 64.666
Apríl	200.522	158.767	18.370	123.610	25.000	÷ 88.485
Mai	201.545	179.144	17.784	123.117	25.000	÷ 107.932
Júní	196.825	202.366	2.205	123.117	25.000	÷ 151.453
Júlí	210.531	213.528	2.205	123.117	25.000	÷ 148.909
Ágúst	196.212	226.604	2.205	121.285	25.000	÷ 174.472
September ..	216.045	272.856	2.205	121.292	25.000	÷ 200.898
Október	220.562	253.892	2.205	120.859	25.000	÷ 176.984
Nóvember ..	225.811	260.638	2.205	120.866	25.000	÷ 178.488
Desember ..	211.961	267.709	1.186	110.660	22.900	÷ 188.122

staða bankans nú orðin mjög erfið, og hefur orðið að nota yfirdráttar-
möguleika meira en æskilegt er. Meðtalið í eignum er ónotað lánsfé frá
Export-Import bankanum, en það nam aðeins 1,2 millj. kr. í árslok 1959,
en 34,8 millj. kr. í árslok 1958. Að lánsfénu frátöldu hefur gjaldeyris-
staða Seðlabankans versnað um 119,2 millj. kr. á árinu 1959, en batnaði
um 34,7 millj. kr. á árinu 1958. Innstæður alþjóðastofnana í hlaupa-
reikningi eru ekki taldar með í gjaldeyrisstöðunni. Á 1. töflu á 4. bls.
er nánari sundurliðun á gjaldeyrisstöðu bankans í árslok 1957 og 1958
og í hver mánaðarlok 1959.

Vegna þess að seðlaveltan jókst verulega á árinu, varð bankinn vegna
lagaákvæða um seðlatryggingu að hækka eign sína af erlendum verðbréfum
um rúmlega 34 millj. kr. Í árslok átti bankinn 7 millj. dollara í banda-
rískum verðbréfum, 200 þús. pund í brezkum verðbréfum og 7 millj. kr.
í sænskum ríkisskuldabréfum.

Hlaupareikningsskuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana urðu hæstar 282,8
millj. kr. í októberlok, en námu 159,3 millj. kr. í lok ársins, og höfðu
lækkað um 3,7 millj. kr. á árinu, en 45 millj. kr. hlaupareikningsskuld
vegna togarakaupa var breytt í skuldabréfalán á árinu. Skuld á aðal-
viðskiptareikningi ríkissjóðs hækkaði um 13,5 millj. kr., og hefur því
lækkun á öðrum reikningum numið samtals 17,2 millj. kr.

Hlaupareikningsinnstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana námu í árslok 161,9 millj. kr. á móti 107,2 millj. kr. í árslok 1958. Hækkun varð einkum vegna Atvinnuleysistryggingasjóðs (45,1 millj. kr.) og Útflutnings-sjóðs (6,6 millj. kr.). Mótvirðisinnstæður vegna samnings um kaup á landbúnaðarafurðum frá Bandaríkjunum jukust um 22,8 millj. kr. á árinu, og námu þær í árslok 50,2 millj. kr.

Lán til banka í formi endurkaupa á afurðavíxlum jukust um 212,9 millj. kr. á árinu og námu í árslok 857,5 millj. kr. Aukningin 1959 varð 205,3 millj. kr. vegna sjávarafurða og 7,6 millj. kr. vegna landbúnaðarafurða. Lán til banka gegn ríkistryggðum verðbréfum lækkuðu um 0,6 millj. kr. og námu 65,1 millj. kr. Beinir reikningsskuldir banka, sparisjóða og fjárfestingarlánastofnana námu í árslok 83,7 millj. kr., en innstæður sömu aðila 62,4 millj. kr. í árslok 1959. Nettóskuldir þessara stofnana námu því 943,9 millj. kr. og höfðu hækkað um 229,3 millj. kr. frá árslokum 1958. Árið 1958 nam hækkan samsvarandi liða 184,1 millj. kr., 1957 47,6 millj. kr. og 1956 19,1 millj. kr.

Skuld stofnlánadeildar var í árslok 54,8 millj. kr., skuldabréf vegna stofnlána 9,9 millj. kr. og stóreignaskattsbréf 11,3 millj. kr., og höfðu

2. tafla. Aðstaða ríkissjóðs og ríkisstofnana gagnvart Seðlabankanum í árslok 1957 og 1958 og í hver mánaðarlok 1959.

	Skuldir			Innstæður		
	Aðal- viðskipta- reikningur	Aðrar skuldir ríkissjóðs	Ríkis- stofnanir	Ríkis- sjóður	Ríkis- stofnanir	Staða samtals
1957	33.512	99.990	2.016	30.232	10.552	÷ 94.734
1958	5.044	155.888	2.043	43.990	63.176	÷ 55.809
1959:						
Janúar	21.449	158.243	1.743	43.793	81.647	÷ 55.995
Febrúar	—	158.262	1.457	55.326	68.948	÷ 35.445
Marz	—	166.850	2.168	47.524	81.363	÷ 40.131
Apríl	—	110.578	1.922	61.085	84.562	÷ 33.147
Mai	67.600	114.561	1.732	42.220	103.789	÷ 37.834
Júní	96.395	131.906	1.261	43.973	96.618	÷ 88.971
Júlí	116.259	132.268	1.903	43.973	99.591	÷ 106.866
Ágúst	128.363	138.636	1.345	43.623	103.401	÷ 121.320
September ..	125.994	148.172	1.268	43.742	94.010	÷ 137.682
Október	135.055	145.435	2.345	43.350	125.796	÷ 113.689
Nóvember ...	82.249	138.723	3.491	46.987	113.137	÷ 64.339
Desember ...	18.594	137.547	3.021	45.799	116.071	÷ 2.708

3. tafla. Aðstaða banka og sparisjóða gagnvart Seðlabankanum í árslok 1957 og 1958 og í hver mánaðarlok 1959.

<i>Skuldir</i>					
<i>Í þús. kr.</i>	<i>Reiknings- skuldir</i>	<i>Skuld gegn verðbréfum</i>	<i>Endurk. vaxlar</i>	<i>Innstæður</i>	<i>Staða samtals</i>
1957	81.934	41.000	457.796	43.736	÷ 536.994
1958	69.355	65.720	644.591	60.959	÷ 718.707
1959:					
Janúar	70.262	88.135	598.729	49.402	÷ 707.724
Febrúar	78.007	113.220	552.177	39.521	÷ 703.883
Marz	61.017	113.220	606.291	57.332	÷ 723.196
Apríl	47.354	78.220	727.839	62.236	÷ 791.177
Maí	46.854	33.019	806.581	108.041	÷ 773.413
Júní	50.420	41.833	802.656	95.949	÷ 798.960
Júlí	46.175	41.611	795.264	108.396	÷ 774.654
Ágúst	45.493	41.525	848.335	144.682	÷ 790.671
September	45.093	28.937	881.196	109.505	÷ 845.721
Október	44.493	39.873	911.598	161.733	÷ 834.231
Nóvember	53.026	54.250	863.860	82.806	÷ 888.330
Desember	70.071	65.134	857.503	52.187	÷ 940.521

Þessir liðir lækkað um 8,9 millj. kr. frá fyrra ári. Nýr liður, skuldabréf vegna togaralána, bættist við skuldabréfaeignina, svo sem fyrr er getið, og nam hann í árslok 45,0 millj. kr. Bankavaxtabréf og önnur innlend verðbréf hækkuðu á árinu um 0,8 millj. kr. og námu í árslok 29,3 millj. kr.

Helztu skuldaliðir auk þeirra, sem áður hefur verið getið, eru seðlar í umferð, mótvirðisfé og eigið fé bankans. Mótvirðisfé ásamt lokuðum reikningum Framkvæmdabankans nam í árslok 176,7 millj. kr. og hafði lækkað um 3,6 millj. kr. á árinu. Niðurstöður allra hreyfinga í viðskiptum bankans koma fram sem breytingar á seðlaveltunni, en hún jókst um 4,8 millj. kr. miðað við áramót. Árið áður jókst seðlaveltan um 44,6 millj. kr. Fyrstu þrjá mánuði ársins fór seðlaveltan lækkanði, varð lægst 25. febrúar 349.490 þús. kr., en hækkaði síðan allt fram í október og náði hæst 2. október 448.265 þús. kr. (árið 1958 varð seðlaveltan hæst 23. desember 422.770 þús. kr.), en fór síðan lækkanði niður í 412.170 þús. kr. í árslok.

4. tafla. Aðstaða fjárfestingarlánastofnana gagnvart Seðlabankanum í árslok 1957 og 1958 og í hver mánaðarlok 1959.

Í þús. kr.	Skuldir		Innstæður		Staða samtals
	Stofnlána-deild	Aðrir aðilar	Veð-deild	Aðrir aðilar	
1957	63.447	5.779	13.257	12.445	÷ 43.524
1958	61.450	10.000	18.151	14.153	÷ 39.146
1959:					
Janúar	61.452	10.000	17.142	18.571	÷ 35.739
Febrúar	61.548	10.000	17.538	15.721	÷ 38.289
Marz	56.809	10.000	3.953	16.903	÷ 45.953
Apríl	55.779	13.700	3.946	30.521	÷ 35.012
Maí	55.438	13.700	4.631	30.804	÷ 33.703
Júní	54.892	13.700	5.316	28.598	÷ 34.678
Júlí	54.677	13.700	5.142	8.673	÷ 54.562
Ágúst	54.792	13.700	5.309	8.314	÷ 54.869
September	54.828	13.700	5.443	16.925	÷ 46.160
Október	54.743	13.700	8.047	21.050	÷ 39.346
Nóvember	53.065	13.700	18.457	14.964	÷ 33.344
Desember	54.750	13.700	20.358	10.209	÷ 37.883

5. tafla. Mótvirðisfé og ýmsar innstæður í árslok 1957 og 1958 og í hver mánaðarlok 1959.

Í þús. kr.	Lokaðir reikn. Framkvæmdab.	Mótvirðis-sjóður	Ýmsir hlaupareikn.	Samtals
1957	121.316	62.515	14.603	198.434
1958	117.751	62.515	27.921	208.187
1959:				
Janúar	114.185	62.515	38.173	214.873
Febrúar	114.185	62.515	37.984	214.684
Marz	114.185	62.515	42.303	219.003
Apríl	114.185	62.515	37.347	214.047
Maí	114.185	62.515	43.486	220.186
Júní	114.185	62.515	57.280	233.980
Júlí	114.185	62.515	68.860	245.560
Ágúst	114.185	62.515	59.924	236.624
September	114.185	62.515	72.680	249.380
Október	114.185	62.515	65.601	242.301
Nóvember	114.185	62.515	63.356	240.056
Desember	114.185	62.515	52.057	228.757

6. tafla. Seðlavelta, meðalseðlavelta og seðlavelta að frádregnum seðla-seðlasjóði banka og ríkissjóðs.

	1958			1959		
	<i>Seðla- velta í mánaðar- lok</i>	<i>Seðlavelta að frádr. seðlasjóði banka og ríkissjóðs í mánaðarlok</i>	<i>Meðal- seðla- velta í hverjum mánuði</i>	<i>Seðla- velta í mánaðar- lok</i>	<i>Seðlavelta að frádr. seðlasjóði banka og ríkissjóðs í mánaðarlok</i>	<i>Meðal- seðla- velta í hverjum mánuði</i>
Janúar	338.530	325.359	332.265	377.910	360.801	388.739
Febrúar	328.505	317.138	329.283	367.590	351.000	369.632
Marz	333.050	320.330	315.384	366.420	346.607	363.275
Apríl	345.200	332.811	338.039	376.695	365.559	363.789
Maí	363.865	349.054	350.885	408.845	389.266	394.033
Júní	367.270	354.002	358.106	410.605	394.450	401.696
Júlí	383.780	370.198	373.217	422.225	406.527	412.004
Ágúst	386.000	370.225	380.209	420.975	404.361	415.630
September	402.970	386.111	392.797	434.515	416.451	426.243
Október	407.400	390.905	400.043	423.110	407.774	425.757
Nóvember	388.770	372.276	392.136	413.380	396.391	410.719
Desember	407.410	387.229	410.831	412.170	396.087	423.733

REKSTUR OG HAGUR. Tekjur Seðlabankans námu 60,9 millj. kr. á árinu 1959 á móti 50,3 millj. kr. árið áður. Af tekjunum voru vextir og forvextir 59,5 millj. kr. (1958: 50,1 millj. kr.) og ýmsar tekjur 1,4 (0,2) millj. kr. Gjöldin námu 43,5 millj. kr. á móti 32,9 millj. kr. árið áður. Þar af voru útborgaðir vextir 25,1 (16,6) millj. kr., vextir af eigin fé 7,3 (6,4) millj. kr., kostnaður við rekstur 9,1 (9,1) millj. kr., vextir af stofnfé 180 þús. kr., kostnaður við seðla 854 þús. kr. og annar kostnaður 917 þús. kr. Tekjuafgangur varð 17,4 millj. kr., en það er sama upphæð og árið áður, en óráðstafað frá fyrra ári 264 þús. kr.

Varasjóður verður að viðbættum vöxtum og ráðstöfun ásamt hækkun á bókfærðu verði gullforðans 156,5 millj. kr., en var í árslok 1958 128,0 millj. kr. Annað eigin fé bankans hækkaði úr 62,0 millj. kr. í 69,4 millj. kr., og hefur því hækkun á eigin fé numið alls 35,9 millj. kr. á árinu.

VEÐDEILDIN. Sextugasta starfsári veðdeildarinnar lauk 31. desember 1959. Sautjándi flokki veðdeildarinnar að upphæð 10 millj. kr. var lokað 6. apríl 1959 og hafði þá náð því hámarki lánsupphæðar, sem heimil

var. Veðdeildin hófst þá handa um stofnun nýs flokks samkvæmt lagaheimild, og 1. desember tók til starfa nýr flokkur að upphæð 10 millj. kr., 18. flokkur. Fjögur lán voru veitt úr honum í desember, samtals 540.000,00 kr.

Niðurstöður efnahagsreiknings veðdeildarinnar voru í árslok 260,1 millj. kr. á móti 230,5 millj. kr. árið áður. Skuldabréf fyrir lánnum voru 232,1 millj. kr. á móti 205,7 millj. kr. árið áður. Bankavaxtabréf í umferð voru 238,1 millj. kr. á móti 210,7 millj. kr. árið áður.

Starfsemi Byggingarsjóðs ríkisins, sem er í vörzlu veðdeildarinnar, var mjög mikil á árinu. Skyldusparnaðarfé í árslok var 28,5 millj. kr. á móti 9,9 millj. kr. árið áður. Sparimerki í umferð voru í árslok 10,7 millj. kr. á móti 9,7 millj. kr. árið áður. Bankavaxtabréfaeign sjóðsins jókst um 35,8 millj. kr. á árinu og var í árslok 92,1 millj. kr. Hrein eign Byggingarsjóðs ríkisins jókst um 20,2 millj. kr. á árinu, var í árslok 105,9 millj. kr., en í árslok 1958 85,7 millj. kr. Bréf, sem afhent hafa verið til greiðslu á skatti af stóreignum, hafa ekki verið bókuð enn sem eign Byggingarsjóðs ríkisins, þar sem endanleg upphæð þeirra er ekki ákveðin enn þá, enda er kærufrestur vegna álagningar hans ekki útrunninn.

Lánveitingar úr íbúðalánaflokkum námu alls á árinu 34.490 þús. kr. á móti 48.769 þús. kr. árið áður.

Eftirfarandi yfirlit sýnir lánveitingar úr öllum flokkum veðdeildarinnar, sem opnir voru á árinu 1959:

Úr 17. flokki	3 lán, alls	201 þús. kr.
— 18. —	4 — —	540 — —
— A-3 —	889 — —	19.795 — —
— B-5 —	8 — —	155 — —
— B-6 —	752 — —	14.540 — —
			<hr/>
1656 lán, alls		35.231 þús. kr.
Auk þess:			
til útrýmingar			
heilsuspillandi			
íbúða	14 — —
			<hr/>
1670 lán, alls		38.311 þús. kr.

7. tafla. Yfirlit yfir starfsemi veðdeildarinnar.

Veðdeildarflokkur opinn	Veitt lán alls		Lán útistandandi 31. des. 1959		Banka- vaxta- bréf í umferð	Vara- sjóður
	Tala lána	Upphæð lána kr.	Tala lána	Upphæð lána kr.		
1. flokkur frá 20/7 1900 til 29/3 1906	1.427	2.652.800	—	—	—	—
2. — — 2/4 1906 — 22/7 1909	1.078	2.999.800	—	—	—	—
3. — — 26/10 1909 — 22/10 1914	1.166	3.000.000	—	—	—	—
4. — — 17/8 1914 — 6/2 1826	731	4.995.500	5	24.869	1.500	835.514
5. — — 1/10 1926 — 2/3 1927	392	3.000.000	—	—	—	—
6. — — 29/11 1926 — 7/10 1927	396	3.000.000	55	147.083	—	981.623
7. — — 13/10 1927 — 20/10 1928	556	3.999.700	62	197.981	100	558.652
8. — — 25/10 1928 — 3/2 1930	448	4.000.000	71	297.698	—	474.824
9. — — 25/4 1930 — 31/12 1931	402	4.000.000	89	388.970	102.900	367.620
10. — — 1/3 1932 — 9/6 1936	552	6.000.000	164	1.140.202	947.600	489.715
11. — — 11/8 1936 — 20/12 1939	558	6.000.000	205	1.458.660	1.404.200	238.302
12. — — 25/1 1940 — 20/3 1942	442	6.000.000	191	1.509.240	1.511.500	137.424
13. — — 9/1 1942 — 7/10 1943	265	6.000.000	177	2.638.700	2.935.100	146.504
14. — — 5/10 1943 — 15/12 1944	200	6.000.000	137	3.111.556	3.425.000	181.049
15. — — 18/12 1944 — 7/12 1946	220	6.000.000	170	3.381.052	3.716.300	142.293
16. — — 18/12 1947 — 9/2 1948	157	7.500.000	147	5.210.181	5.536.000	209.137
17. — — 12/2 1948 — 6/4 1959	150	10.000.000	146	8.467.101	8.845.000	276.285
18. — — 1/12 1959 —	4	540.000	4	540.000	540.000	7.153
A-1 — — 2/11 1955 — 30/4 1956	891	43.415.000	888	40.638.115	41.232.000	1.447.824
A-2 — — 1/5 1956 — 29/7 1957	1.083	39.690.000	1.079	37.991.729	38.482.000	564.379
A-3 — — 7/8 1957 —	2.320	49.566.000	2.318	48.776.066	49.194.000	669.734
B-1 — — 22/11 1955 — 14/4 1956	713	15.000.000	705	11.314.926	12.085.000	297.830
B-2 — — 16/4 1956 — 22/3 1957	872	15.000.000	865	12.217.859	13.014.000	271.450
B-3 — — 23/3 1957 — 12/12 1957	857	12.298.000	855	10.766.062	11.555.000	181.384
B-4 — — 13/12 1957 — 31/10 1958	1.113	28.120.000	1.110	25.360.593	26.604.000	433.988
B-5 — — 19/11 1958 — 20/1 1959	144	2.389.000	144	2.261.066	2.389.000	33.354
B-6 — — 5/3 1959 —	752	14.540.000	752	14.265.799	14.540.000	203.060
Samtals	17.889	305.705.800	10.339	232.105.508	238.060.200	9.150.198
Auk þess:						
C-flokkur frá 2/5 1956 til	45	14.515.000	45	14.348.379	—	—
Lánad. smáb. 6/6 1952 —	1.866	41.442.000	1.837	26.243.461	—	—
Samtals	19.800	361.662.800	12.221	272.697.348	238.060.200	9.150.198

*) Varasjóðir A- og B-flokka, kr. 4.103.003, eru eign Byggingarsjóðs ríkisins.

Lánveitingar skiptast þannig á mánuði (í þús. kr.) :

Janúar	385	Júlí	8.639
Febrúar	2.705	Ágúst	2.380
Mars	7.418	September	1.360
Apríl	2.601	Október	545
Mai	1.175	Nóvember	710
Júní	7.283	Desember	3.110

STOFNLÁNADEILDIN. Í árslok 1959 nam skuld deildarinnar við Seðlabankann 50,4 (57,2) millj. kr. auk skuldbindingar ríkissjóðs vegna vangreiddra afborgana af stofnlánadeildarlánum að upphæð 4,4 (4,2) millj. kr. Hér er ekki meðtalin skuld ríkissjóðs vegna stofnlána, sem veitt voru, eftir að fé deildarinnar var þrotið. Eitt lán var veitt á árinu að upphæð 250 þús. kr. Eftirstöðvar A-lána námu 48,6 (54,1) millj. kr. og B-lána 5,2 (6,3) millj. kr. Stofnlánadeildarbréf í umferð námu í árslok 1,2 (1,6) millj. kr.

Rekstrarhagnaður stofnlánadeildarinnar varð 213,5 (160,8) þús. kr. Hagnaði var varið til afskrifta af töpuðum lánum. Óafskrifuð endanleg töp af lánum námu 362 þús. kr. í árslok. Hætta er á auknum töpum stofnlánadeildar á næstu árum vegna rýrnandi veða. Samkvæmt lögum hafa fjölmörg veðleyfi verið veitt til að setja nýjar vélar í skip o. fl., og enn fremur hefur lánstími margra lána verið framlengdur með lögum.

1959

REIKNINGAR

LANDSBANKI ÍSLANDS
SEÐLABANKINN

Efnahagur Seðlabankans

EIGNIR		Kr.	aur.
1.	Gullforði	5 729 820	85
	Yfirverð á gullforða	10 805 104	92
2.	Erlendar eignir:		
	a) Erlendir bankar	kr. 2.811.421,12	
	b) Erlend verðbréf	— 141.650.630,37	
	c) Erlendir víxlar	— 22.623.658,71	
	d) Vöruskiptareikningar	— 46.061.094,19	
		213 146 804	39
3.	Skuldir á hlaupareikningi:		
	a) Aðalviðskiptareikningur ríkissjóðs	kr. 18.593.722,11	
	b) Aðrir ríkisreikningar: Lán vegna skipa- kaupa, smábúðarlána o. fl.	— 117.649.654,35	
	c) Lán ríkissjóðs vegna alþjóðastofnana	— 19.897.243,02	
	d) Ríkisstofnanir	— 3.021.120,85	
	e) Aðrir reikningar	— 114.541,57	
		159 276 281	90
4.	Verðbréf og skuldabréf		
	a) Innlend verðbréf	kr. 29.284.452,56	
	b) Skuldabréf ríkissjóðs vegna stofnlána	— 9.888.125,00	
	c) Skuldabréf ríkissjóðs vegna togaralána	— 45.000.000,00	
	d) Stóreignaskattsbréf (skv. l. nr. 22/1950) ..	— 11.308.469,07	
		95 481 046	63
5.	Reikningsskuldir fjárfestingarlánastofnana	13 700 000	00
6.	Reikningsskuldir banka og sparisjóða:		
	a) Útvegsbankinn	kr. 39.670.091,97	
	b) Búnaðarbankinn	— 30.257.667,68	
	c) Aðrir	— 142.998,27	
		70 070 757	92
7.	Lán veitt bönkum gegn ríkistryggðum verðbréfum:		
	a) Viðskiptabankinn	kr. 20.000.000,00	
	b) Útvegsbankinn	— 25.000.000,00	
	c) Búnaðarbankinn	— 19.933.910,15	
	d) Sparisjóður Ólafsvíkur	— 200.000,00	
		65 133 910	15
8.	Endurkeyptir víxlar:		
	a) Viðskiptabankinn	kr. 673.828.560,00	
	b) Útvegsbankinn	— 183.674.000,00	
		857 502 560	00
9.	Skuld Stofnlánadeildar	54 750 208	47
10.	Bankabyggingar með búnaði	1	00
11.	Ýmsir skuldunautar	648 139	50
12.	Ógreiddir vextir	949 066	80
13.	Peningar í sjóði	531 042	91
		Kr. 1 547 724 745	44

31. desember 1959

SKULDIR		Kr.	aur.
1.	Seðlar í umferð	412 170 000	00
2.	Innstæður banka og sparisj. (þ. a. Vb. 5.718.855,26)	40 186 550	01
3.	Innstæður fjárfestingarlánastofnana	10 208 564	36
4.	Innstæða veðdeildar	20 358 401	13
5.	Innstæðufé á hlaupareikningum:		
	a) Ríkissjóður	kr. 45.799.051,98	
	b) Ríkisstofnanir og sjóðir	— 116.071.214,18	
	c) Aðrir reikningar (þ. a. Bandaríkjastjórn vegna P. L. 480 vörukaupa 50.215.303,46) ..	— 52.057.068,90	
		213 927 335	06
6.	Mótvirðisfé:		
	a) Mótvirðissjóður	kr. 62.514.782,47	
	b) Lokaður reikningur	— 64.184.772,30	
	c) Skuldagreiðslureikningur	— 50.000.000,00	
		176 699 554	77
7.	Erlendar skuldir:		
	a) Erlendir bankar	kr. 197.115.051,25	
	b) Inneign erl. aðila á hlaupareikn.	— 19.911.145,59	
	c) Skuld vegna ríkissjóðs við E.P.U.	— 110.659.544,14	
	d) Vixlar seldir erlendis	— 7.443.679,85	
	e) Vöruskiptareikningar	— 86.038.076,27	
		421 167 497	10
8.	Innstæða Viðskiptabanka vegna innheimtu	12 000 000	00
9.	Ýmsir skuldheimtumenn	5 257 732	28
10.	Fyrir fram greiddir vextir	9 862 105	45
11.	Stofnfé	4 800 000	00
12.	Varasjóður 1/1 1959	kr. 128.000.000,00	
	4% vextir og ráðstöfun af hagnaði 1959	— 17.694.895,08	
	Yfirverð á gullforða	— 10.805.104,92	
		156 500 000	00
13.	Afskriftareikningur (til að mæta skuldatöpum)	12 480 000	00
14.	Gengisreikningur	23 688 656	56
15.	Húsbyggingarsjóður	25 000 000	00
16.	Vegna væntanl. greiðslu til Eftirlaunasj. starfsm. L. Í.	3 000 000	00
17.	Óráðstafaður tekjuafgangur:		
	a) Frá árinu 1958	kr. 263.578,62	
	b) Samkvæmt rekstrarreikningi 1959	— 17.389.665,18	
		kr. 17.653.243,80	
	Frá dregst:		
	a) Lagt í varasjóð	kr. 12.574.895,08	
	b) Lagt í húsbyggingarsj. . .	— 3.160.000,00	
	c) Lagt til hliðar vegna væntanl. greiðslu til Eft- irlaunasj. starfsm. L. Í. —	1.500.000,00 — 17.234.895,08	
		418 348	72
		Kr.	1 547 724 745
			44

Reykjavík, 28. janúar 1960.

LANDSBANKI ÍSLANDS, SEÐLABANKINN.

Framkvæmdastjórnin:

Vilhjálmur Þór Jón G. Mariasson

LANDSBANKI ÍSLANDS
SEÐLABANKINN

Rekstrarreikningur Seðla-

GJÖLD		Kr.	aur.
1.	Vextir af innstæðum á reikningum . kr. 15.391.490,85 Vextir af eigin sjóðum — 7.336.925,00	22 728 415	85
2.	Vextir af skuldum erlendis	9 751 381	80
3.	Kostnaður við seðla	854 204	25
4.	Rekstrarkostnaður	9 112 116	59
5.	Vextir af stofnfé	180 000	00
6.	Til gengisreiknings	368 622	62
7.	Til Útfl.sj. skv. l., helmingur af tekjul. nr. 4 og 5 ..	548 739	85
8.	Rekstrarhagnaður	17 389 665	18
	Kr.	60 933 146	14

Framanritaðan efnahags- og rekstrarreikning höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans, og er hann í samræmi við þær. Einnig höfum við á árinu sannreynt, að verðbréf og aðrar bókfærðar eignir eru fyrir hendi.

Guðbrandur Magnússon.
Kjörinn af Alþingi.

Jón Kjartansson.
Kjörinn af Alþingi.

Georg Hansen,
forstöðumaður endurskoðunar-
deildar L. í.

bankans árið 1959

TEKJUR		Kr.	aur.
1.	Vextir af endurkeyptum víxlum	35 477 920	70
2.	Vextir af öðrum innlendum lánum og víxlum	18 583 607	69
3.	Vextir af erlendum innstæðum og verðbréfum	5 441 607	22
4.	Tekjur af kaupum og sölu gjaldeyris	737 245	25
5.	Umboðslaun af erlendum yfirfærslum	360 234	44
6.	Ýmsar tekjur	332 530	84
		Kr.	60 933 146
			14

Með skírskotun til framanskráðrar yfirlýsingar þingjörinna endurskoðenda úrskurðast reikningurinn réttur.

Reykjavík, 1. marz 1960.

Gylfi Þ. Gíslason,
viðskiptamálaráðherra.

LANDSBANKI ÍSLANDS
SEÐLABANKINN

Efnahagur veðdeildarinnar

EIGNIR		Kr.	aur.
1.	Skuldabréf fyrir lánum:		
	a. Veðdeildarlán kr. 28.513.294,12		
	b. A-lán — 127.405.909,14		
	c. B-lán (vísitölulán) — 76.186.305,21	232 105 508	47
2.	Inneign hjá Landsbanka Íslands, Seðlabanka:		
	a. Veðdeildarflokkar kr. 5.677.653,66		
	b. Íbúðalánaflokkar — 14.680.747,47	20 358 401	13
3.	Ógoldnir vextir og varasjóðsgj. af lánum 31. des. '59:		
	a. Veðdeildarlánaflokkar kr. 738.625,41		
	b. Íbúðalánaflokkar — 6.687.084,05	7 425 709	46
4.	Ógoldið vísitöluálag af lánum 31. desember 1959 ..	182 962	24
		Kr. 260 072 581	30

VEÐDEILDIN

31. desember 1959

SKULDIR		Kr.	aur.
1.	Bankavaxtabréf í umferð:		
	a. Veðdeildarbréf kr. 28.965.200,00		
	b. Íbúðalánabréf — 128.908.000,00		
	c. Vísitölubréf — 80.187.000,00	238 060 200	00
2.	Ógreiddir vextir af bankavaxtabréfum:		
	a. Veðdeildarbréf kr. 917.177,75		
	b. Íbúðalánabréf — 11.358.600,83	12 275 778	58
3.	Ógreiddar vísitölubætur af bréfum 31. des. 1959 ..	586 405	00
4.	Varasjóður veðdeildarflokka:		
	a. Veðdeildarbréf kr. 917.177,75		
	b. Íbúðalánabréf — 11.358.600,83	5 047 195	44
5.	Varasjóður íbúðalánaflokka:		
	a. Frá fyrra ári kr. 1.422.758,85		
	b. Samkvæmt rekstrarreikningi — 2.680.243,43	4 103 002	28
		Kr. 260 072 581	30

Reykjavík, 28. janúar 1960.

LANDSBANKI ÍSLANDS, SEÐLABANKINN.

Frankvæmdastjórnin:

Vilhjálmur Þór Jón G. Mariásson

LANDSBANKI ÍSLANDS
SEÐLABANKINN

Rekstrarreikningur

GJÖLD		Kr.	aur.
1.	Ógreiddir vextir og varasjóðsgjöld 1. janúar 1959:		
	a. Veðdeildarflokkar kr. 726.276,22		
	b. Íbúðalánaflokkar — 5.637.203,43	6 363 479	65
2.	Vextir af bankavaxtabréfum:		
	a. Veðdeildarflokkar kr. 1.292.959,50		
	b. Íbúðalánaflokkar — 11.739.075,00		
	kr. 13.032.034,50		
	Ógreiddir vextir 31. desember 1959:		
	a. Veðdeildarflokkar — 917.177,75		
	b. Íbúðalánaflokkar — 11.358.600,83	25 307 813	08
3.	Ógr. vísitöluálag af lánum 1. jan. '59 kr. 285.297,43		
	Gr. vísitölubætur af bréfum á árinu — 770.850,01		
	kr. 1.056.147,44		
	Ógreiddar vísitölubætur af bréfum 31. desember 1959 — 586.405,00	1 642 552	44
4.	Kostnaður við rekstur:		
	a. Veðdeildarflokkar kr. 256.200,00		
	b. Íbúðalánaflokkar — 559.487,35	815 687	35
5.	Vextir af innlestum bréfum sem aukaafborg.:		
	a. Veðdeildarflokkar kr. 1.358,89		
	b. Íbúðalánaflokkar — 366,67	1 725	56
6.	Rekstrarhagnaður:		
	a. Veðdeildarflokkar kr. 158.742,48		
	b. Íbúðalánaflokkar — 2.680.243,43	2 838 985	91
		Kr. 36 970 243	99

Framanritaðan efnahags- og rekstrarreikning höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans og ekkert fundið við hann að athuga.

Guðbrandur Magnússon.
Kjörinn af Alþingi.

Jón Kjartansson.
Kjörinn af Alþingi.

Georg Hansen,
forstöðumaður endurskoðunar-
deildar L. í.

VEÐDEILDIN

veðdeildarinnar árið 1959

	TEKJUR	Kr.	aur.
1.	Ógoldnir vextir af bankavaxtabréfum 1. jan. 1959: a. Veðdeildarbréf kr. 932.406,75 b. Íbúðalánabréf — 11.719.080,00	12 651 486	75
2.	Óg. vísitölubætur af bréfum 1. jan. '59 kr. 856.518,58 Innb. vísitöluálag af lánum á árinu — 603.080,03 Ógr. vísitöluálag af lánum 31. des. '59 kr. 1.459.598,61 — 182.962,24	1 642 560	85
3.	Vextir og varasjóðsgjöld: a. Veðdeildarflokkar kr. 1.429.270,44 b. Íbúðalánaflokkar — 11.891.665,03 kr. 13.320.935,47 Ógreiddir vextir og varasjóðsgjöld 31. des. 1959: a. Veðdeildarflokkar kr. 738.625,41 b. Íbúðalánaflokkar — 6.687.084,05	20 746 644	93
4.	Vextir af útgefnum bankavaxtabréfum: a. Veðdeildarflokkar kr. 21.218,20 b. Íbúðalánaflokkar — 815.444,20	836 662	40
5.	Lántökugjald: a. Veðdeildarflokkar kr. 7.410,00 b. Íbúðalánaflokkar — 344.900,00	352 310	00
6.	Dráttarvextir og umboðslaun: a. Veðdeildarflokkar kr. 58.559,21 b. Íbúðalánaflokkar — 317.819,31	376 378	52
7.	Vextir af innst. hjá Landsbanka Íslands, Seðlabanka: a. Veðdeildarflokkar kr. 165.224,83 b. Íbúðalánaflokkar — 195.925,71	361 150	54
8.	Endurgreiddir vextir af bankavaxtabréfum: a. Íbúðalánaflokkar	3 050	00
	Kr.	36 970 243	99

Með skírskotun til framanskráðrar yfirlýsingar þingkjörinna endurskoðenda úrskurðast reikningurinn réttur.

Reykjavík, 1. marz 1960.

Gylfi Þ. Gíslason,
viðskiptamálaráðherra.

LANDSBANKI ÍSLANDS
SEÐLABANKINN

Efnahagur Byggingarsjóðs

EIGNIR		Kr.	aur.
1.	Skuldabréf fyrir lánum: a. Lán til útrýmingar heilsuspillandi íbúða .. kr. 14.348.379,03 b. Lánadeild smábúða — 26.243.460,80	40 591 839	83
2.	Innstæður á bankainnláni: a. Byggingarsjóður ríkisins kr. 736.158,85 b. Lán til útrýmingar heilsuspillandi íbúða .. — 3.721.162,67 c. Lánadeild smábúða — 34.362,78	4 491 684	30
3.	Stóreignaskattsbréf	1 883 990	93
4.	Bankavaxtabréf	92 112 000	00
5.	Víxlar	600 000	00
6.	Ógreitt framlag ríkissjóðs	200 000	00
7.	Áhöld	125 624	90
8.	Óinnheimtur skyldusparnaður	404	00
9.	Ógreiddir vextir: a. Byggingarsjóður ríkisins kr. 4.975.892,50 b. Lán til útrýmingar heilsuspillandi íbúða .. — 362.456,77 c. Lánadeild smábúða — 769.772,96	6 108 122	23
10.	Varasjóður íbúðalánaflokka	4 103 002	28
	Kr.	150 216 668	47

**BYGGINGARSJÓÐUR
RÍKISINS**

ríkisins 31. desember 1959

SKULDIR		Kr.	aur.
1.	Skyldusparnaðarfé	28 528 588	78
2.	Sparimerki í umferð	10 664 346	00
3.	Lán Atvinnuleysistryggingasjóðs	2 000 000	00
4.	Skyldusparnaður 1957:		
	a. frá fyrra ári	kr. 480.602,00	
	b. innborgað á árinu	— 7.720.000,00	
		kr. 8.200.602,00	
	÷ lagt inn á innlánsreikninga	— 5.075.670,00	
		3 124 932	00
5.	Fyrir fram greiddir vextir	7 000	00
6.	Höfuðstóll Byggingarsjóðs ríkisins:		
	a. frá fyrra ári	kr. 85.664.576,75	
	b. rekstrarhagnaður Byggingarsjóðs	— 2.496.166,38	
	c. — v/lána til útr. heilsusp. íbúða	— 790.317,25	
	d. — Lánadeildar smáíbúða	— 1.410.497,88	
	e. — íbúðalánaflokka	— 2.680.243,43	
	f. framlag ríkissjóðs til lána v/heilsusp. íb. ..	— 4.000.000,00	
	g. tolltekjur	— 4.650.000,00	
	h. skattur af stóreignum	— 4.200.000,00	
		105 891 801	69
		Kr. 150 216 668	47

Reykjavík, 28. janúar 1960.

LANDSBANKI ÍSLANDS, SEÐLABANKINN.

Framkvæmdastjórnin:

Vilhjálmur Þór

Jón G. Mariasson

LANDSBANKI ÍSLANDS
SEÐLABANKINN

Rekstrarreikningur Byggingarsjóðs

GJÖLD				Kr.	aur.
1.	Vaxtaylorfærsla frá fyrra ári:				
	a. Byggingarsjóður ríkisins	kr.	3.064.991,67		
	b. Lán til útrýmingar heilsuspillandi íbúða ..	—	300.303,38		
	c. Lánadeild smábúða	—	778.810,82	4 144 105	87
2.	Greiddir vextir á árinu:				
	a. af skyldusparnaðarfé	kr.	1.220.080,36		
	b. aðrir vextir	—	1.622.441,93	2 842 522	29
3.	Fyrir fram greiddir vextir:				
	af vixli lána til útrýmingar heilsuspillandi íbúða			7 000	00
4.	Kostnaður við rekstur:				
	a. hjá Seðlabanka:				
	1. v/Byggingarsjóðs ríkisins	kr.	374.000,00		
	2. v/lána til útrýmingar heilsusp. íbúða ..	—	25.000,00		
	3. v/Lánadeildar smábúða	—	164.021,63		
	b. hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins:				
	1. Laun	—	608.055,47		
	2. Húsaleiga, ljós og hiti	—	118.096,10		
	3. Annar kostnaður	—	286.672,48	1 575 845	68
5.	Framlag til Iðnaðarmálastofnunar Íslands			30 000	00
6.	Tekjuafgangur:				
	a. Byggingarsjóður ríkisins	kr.	2.496.166,38		
	b. Lán til útrýmingar heilsuspillandi íbúða ..	—	790.317,25		
	c. Lánadeild smábúða	—	1.410.497,88	4 696 981	51
			Kr.	13 296 455	35

Framanritaðan efnahags- og rekstrarreikning höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans og ekkert fundið við hann að athuga.

Guðbrandur Magnússon.
Kjörinn af Alþingi.

Jón Kjartansson.
Kjörinn af Alþingi.

Georg Hansen,
forstöðumaður endurskoðunar-
deildar L. Í.

**BYGGINGARSJÓÐUR
RÍKISINS**

ríkisins árið 1959

T E K J U R		Kr.	aur.
1.	Vaxtaylorfærsla frá fyrra ári	250 075	10
2.	Vextir:		
	a. Byggingarsjóður ríkisins kr. 4.192.297,29		
	b. Lán til útrýmingar heilsuspillandi íbúða .. — 760.024,21		
	c. Lánadeild smábúða — 1.546.430,84	6 498 752	34
3.	Dráttarvextir:		
	a. Lán til útrýmingar heilsuspillandi íbúða .. kr. 139,65		
	b. Lánadeild smábúða — 37.126,53	37 266	18
4.	Ógreiddir vextir:		
	a. Byggingarsjóður ríkisins kr. 4.975.892,50		
	b. Lán til útrýmingar heilsuspillandi íbúða .. — 362.456,77		
	c. Lánadeild smábúða — 769.772,96	6 108 122	23
5.	Vísitöluágóði af útdr. vísitölubréfum Byggingarsjóðs	125 163	00
6.	Tekjur af teikningum Byggingarsjóðs ríkisins	277 076	50
	Kr.	13 296 455	35

Með skírskotun til framanskráðrar yfirlýsingar þingjörinna endurskoðenda úrskurðast reikningurinn réttur.

Reykjavík, 1. marz 1960.

Gylfi Þ. Gíslason,
viðskiptamálaráðherra.

LANDSBANKI ÍSLANDS
SEÐLABANKINN

Efnahagur stofnlánadeildar

EIGNIR		Kr.	aur.
1.	Skuldabréf fyrir lánum:		
	A-lán kr. 48.590.708,10		
	B-lán — 5.150.905,00	53 741 613	10
2.	Ógreiddir vextir	259 834	50
3.	Verðbréf	1 637 154	26
4.	Ýmsir skuldunautar	248 268	08
5.	Tap á lánum (óafskrifað) kr. 505.000,00		
	Tapað á árinu — 67.055,23		
 kr. 572.055,23		
	÷ afskrifað 31. desember 1959 — 210.055,23	362 000	00
		Kr. 56 248 869	94

STOFNLÁNADEILDIN

sjávarútvegsins 31. desember 1959

SKULDIR		Kr.	aur.
1.	Stofnlánadeildarbréf í umferð:		
	a) 4% til 15 ára 1946, nafnverð kr. 670.000,00		
	b) 4% til 15 ára 1949, nafnverð — 453.000,00		
	c) 3% til 5 ára (seld með vöxtum dregnum frá nafnverði), nafnverð — 100.500,00	1 223 500	00
2.	Skuld við Seðlabankann kr. 50.385.659,47		
	Að viðbætti skuldbindingu ríkissjóðs vegna vangreiddra afborgana af Alánnum 31. des. 1959 — 4.364.549,00	54 750 208	47
3.	Fyrir fram greiddir vextir 269 061		56
4.	Óráðstafaður tekjuafgangur:		
	a) Frá árinu 1958 kr. 2.616,47		
	b) Samkvæmt rekstrarreikningi 1959 — 213.538,67		
	c) Afskrifað af töpum kr. 216.155,14		
 — 210.055,23	6 099	91
		Kr.	
		56 248 869	94

Reykjavík, 28. janúar 1960.

LANDSBANKI ÍSLANDS, SEÐLABANKINN.

Framkvæmdastjórnin:

Vilhjálmur Þór Jón G. Mariásson

LANDSBANKI ÍSLANDS
SEÐLABANKINN

Rekstrarreikningur stofnlánadeildar

G J Ö L D		Kr.	aur.
1.	Ógreiddir vextir af lánum 1. janúar 1959	385 429	43
2.	Greiddir vextir og vaxtamiðar	60 704	67
3.	Vextir af skuld við Seðlabankann	1 349 187	92
4.	Kostnaður við rekstur	93 703	46
5.	Tekjuafgangur	213 538	67
		Kr.	
		2 102 564	15

Framanritaðan efnahags- og rekstrarreikning höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans og ekkert fundið við hann að athuga.

Guðbrandur Magnússon.
Kjörinn af Alþingi.

Jón Kjartansson.
Kjörinn af Alþingi.

Georg Hansen,
forstöðumaður endurskoðunar-
deildar L. í.

STOFNLÁNADEILDIN


sjávarútvegsins árið 1959

TEKJUR		Kr.	aur.
1.	Fyrir fram greiddir vextir af stofnlánadeildarbréfum 1. janúar 1959	424 452	86
2.	Innb. vextir og dráttarvextir af lánum kr. 1.687.338,35 Tilheyrandi næsta ári:		
	a) Fyrir fram greiddir vextir af lánum kr. 226.086,56		
	b) Óinnleystir vaxtamiðar — 42.975,00 — 269.061,56		
	kr. 1.418.276,79		
	Ógreiddir vextir:		
	a) Af lánum kr. 189.247,35		
	b) af verðbréfum — 70.587,15 — 259.834,50	1 678 111	29
		Kr. 2 102 564	15


Með skírskotun til framanskráðrar yfirlýsingar þingkjörinna endurskoðenda úrskurðast reikningurinn réttur.

Reykjavík, 1. marz 1960.

Gylfi Þ. Gíslason,
viðskiptamálaráðherra.





Aðstaða ríkissjóðs
gagnvart Seðlabankanum.




Endurkeyptir vixlar í
Seðlabankanum.

Heildarútlán bankanna.





Aðstaða bankanna gagnvart útlöndum.



Sparinnlán i bönkunum.